



Kennari/ar: Elvar Ingimundarson

Skammstöfun: ELI

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga öðlast nemendur þekkingu á helstu atburðum fornaldar og miðalda sem snúa að móttun vestræns samfélags frá landbúnaðarbyltingunni fram til landafundanna. Munu nemendur kynna helstu menningarsamfélögum í Evrópu og þeim breytingum sem áttu sér stað. Einnig munu nemendur kynna sér daglegt líf fólks í Róm og á Grikklandi. Unnið verður með frumheimildir en einnig munu nemendur vinna heimildaverkefni. Lagt er áherslu á að nemendur öðlist ekki eingöngu þekkingu á viðfangsefninu heldur einnig skilning á því. Rætt verður um gildi heimilda og hvernig ber að nálgast heimildir.

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Völdum þáttum úr sögu mannkyns á fornöld og fram yfir miðaldir.
- Algengum hugtökum sem höfð eru um fyrirbæri sögunnar
- Tegundum heimilda og helstu vinnubrögðum við heimildaleit og heimildanotkun
- Tengslum fortíðar og nútíðar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Lesa einfalda sagnfræðilega texta á íslensku
- Tengja samtíðaratburði við það sem áður hefur gerst
- Nota a.m.k. tvær mismunandi gerðir heimilda við verkefnavinnu
- Taka saman skriflega stutta umfjöllun um afmarkað sögulegt efni og kynna fyrir jafningjum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Setja sjálfan sig í samhengi sögunnar sem þátttakandi og skoðandi
- Geta sett sig í spor fólks á öðrum tímum
- Geta tekið þátt í skoðanaskiptum og rökræðum meðal jafningja um sagnfræðileg efni sem tekin eru fyrir í áfanganum.

Til grundvallar liggja eftirfarandi efnisflokkar:

- Notkun og öflun heimilda.
- Upphaf vestrænar menningar
- Fornir menningarheimar
- Miðaldir

- Endurreisn/landafundir/siðskipti (skoðaðar helstu breytingar sem urðu í heiminum um 1500)

Markvisst er unnið að því að kynna fyrir nemendum mismunandi tegundum heimilda og þjálfá þá í notkun þeirra og framsetningu efnis. Lögð er áhersla á að sýna fram á hvernig sagan birtist nemendum í nútímanum.

Saga fornaldar og miðalda gefur nemendum tækifæri að kynna sér líf og starf almennings á mismunandi tímum og að setja sig í spor þeirra.

Yfirferð

Vika	Námsefni á Innu	Verkefni og próf
1 (18. – 24.) ágúst	Kynning á áfanganum Landbúnaðarbyltingin og fljótsdalsmenningin <i>Fornir tímar</i> : Landbúnaðarbylting – Fljótsdalsmenningin - tækninýjungar.	
2 (25.–31.) ágúst	Uppgangur Grikklands <i>Grikkland hið Forná</i> : 2.1 - 2.2 - 2.4 - 2.5 - 2.6.	Skilaverkefni - Grikkir
3 (1. – 7. sept.)	Stórveldið Aþena <i>Grikkland hið Forná</i> : 2.7 - 2.8 - 2.9 - 2.10 - 2.11.	Míkróverkefni
4 (8. – 14. sept.)	Upphaf Rómar <i>Rómaveldi</i> : 1.2 – 1.3 – 2.1 – 2.2.	
5 (15. – 21. sept.)	Útþensla Rómar <i>Rómaveldi</i> : 2.3 – 2.4 – 2.5 – 2.6 – 2.7 – 2.8.	Skilaverkefni - Rómverjar
6 (22. – 28. sept.)	Rómverska keisaradæmið <i>Rómaveldi</i> : 2.9 – 2.10 – 3.1 – 3.10.	Míkróverkefni
7 (29. sept. – 5. okt.)	Prófavika	Próf 1
8 (6. – 12. okt.)	Hnignun Evrópu og uppgangur Íslam <i>Þættir úr sögu vestrænnar menningar</i> :: Þjóðflutningarnir miklu - Stórveldi Araba <i>Fornir tímar</i> : Heimsveldi smábæjarmanns – Íslam og múslímar.	Skilaverkefni - Víkingar
9 (13. – 19. okt.)	Víkingaöldin <i>Fornir tímar</i> : Víkingaöld og fundur Íslands <i>Evrópusaga</i> : Víkingar	Haustfrí 17 og 18 október
10 (20. – 26. okt.)	Krossferðirnar <i>Þættir úr sögu vestrænnar menningar</i> : Krossferðir <i>Fornir tímar</i> : Hámiðaldir, konungsríki og krossferðir <i>Evrópusaga</i> : Krossferðir	
11 (27. okt – 2. nóv.)	Hámiðaldir <i>Þættir úr sögu vestrænnar menningar</i> : Kirkjan og páfavaldið – Þjóðríki verða til <i>Fornir tímar</i> : Síðmiðaldir, kreppa og plága.	
12 (3.– 9. nóv)	Landafundirnir	Skilaverkefni - Skotvopn

	<i>Þættir úr sögu vestrænnar menningar: Lok miðalda. Fornir tímar : III Inngangur- Landafundur Evrópumanna – Vísindabyltingin. Skotveiðar: Þróun skotvopna</i>	
13 (10. – 16. nóv)	Endurreisn Evrópu <i>Fornir tímar : V Inngangur- Ríkisvald í Evrópu á nýöld – Ríkisvald í tveimur löndum – Hernaðartækni konungsvaldsins – 30 ára stríðið. Ýmislegt um hernaðarkunst</i>	
14 (17. – 23. nóv)	Prófavika	Próf 2
15 (24. – 30. nóv)	Hópverkefni	Kynning á hópverkefni
16 (1. – 7. des)	Munnlegt próf	Munnlegt próf
17 (8. – 11. des)	Lok áfanga og skrapptími	

Námsefni:

Kennslubók: Lesefni frá kennara inni á Innu. Verkefni og glærur á Innu.

Sérreglur áfangans: Ætlast er til að nemendur skili verkefnum á þeim tíma sem þeim er ætlaður. Litið er á vanskil verkefna sem yfirlýsingu um að nemandinn ætli ekki að gera verkefnið. Nemendur fæddir 2005 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru. Sama gildir um nemendur með opið vottorð. Þátttaka í tímum og skil á verkefnum er forsenda þess að standast áfangann. Ef verkefni er stolið/tekið frá öðrum fær verkefni 0. Ef grunur er um notkun gervigreindar fær nemandi 0. Ef nemandi telur sig hafa verið ranglega sakaðan um að nota gervigreind þarf nemandi að gera munnlega grein fyrir verkefninu og hvernig það var unnið.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Próf	2 skrifleg próf á önninni	30%
Skilamappa	Spurningar og míkroverkefni upp úr lesefni	20%
Munnlegt próf	Munnlegt próf í lok annar	10%
Verkefni	Skilaverkefni	20%
Hópverkefni	Hópverkefni – kynning fyrir bekk	10%
Flipp	Flipp	10%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Grímsnes, 15. ágúst 2024, Elvar Ingimundarson